

“

Meðal skulda sem gerðar eru upp eru skuldir sem Björgólfur var persónulega ábyrgur fyrir ásamt föður sínum.



Björgólfur Thor mun verja næstu árum við störf í þágu lánardrottna.

VB MYND/HARI

**Viðskipti** Heildaruppgjör Björgólfs nemur um 1200 milljörðum króna

# Björgólfur Thor gerir upp við lánardrottna

Björgólfur Thor Björgólfs-son hefur gengið frá samkomulagi um uppgjör skulda við erlenda og innlenda lánardrottna sína. Engar skuldir verða gefnar eftir.

HALLGRÍMUR ODDSSON,  
MAGNÚS HALLDÓRSSON  
hallgrimur@vb.is,  
magnush@vb.is

Björgólfur Thor Björgólfs-son hefur náð samkomulagi við lánardrottna sína. Samkomulagið nær til persónulegra skulda hans og fjárfestingarfélagis í hans eigu, Novators. Í yfirlýsingu frá Björgólfi segir að samkvæmt samkomulagi verði allar skuldir gerðar upp að fullu og engar gefnar eftir. Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins komu íslensku bankarnir auk nokkurra erlendra banka að samkomulaginu. Ef allt er talið nemur heildaruppgjörið um 1200 milljörðum króna samkvæmt upplýsingum frá talsmanni Novators, Ragnhildi Sverrisdóttur. „Að baki skuldbindingum Björgólfs Thors voru miklar eignir en ekki bara loft, eins og samkomulag við lánardrottna hefur sýnt framman á.“

Glitnir, Landsbankinn, Kaupþing og Straumur eiga allir aðild að samningnum. Auk þeirra eru nokkrir erlendir bankar, þar á meðal Deutsche Bank, Barclays, Standard og Fortis. Við gerð samkomulagsins við kröfuhafa naut Björgólfur aðstoðar tveggja erlendra fyrirtækja. Þau voru lögmannsstofan Linklaters og ráðgjafarfyrirtækið AlixPartners en það sérhæfir sig í fjárhagslegri endurskipulagningu.

## Persónulegar eigur ganga til uppgjörs

Allar eigur Björgólfs liggja til grundvallar samkomulaginu við lánardrottna, þar á meðal húseign í Reykjavík og sumarhús á Þingvöllum. Meðal skulda sem gerðar eru upp eru skuldir sem Björgólfur var persónulega ábyrgur fyrir ásamt föður sínum. Þær hljóðuðu upp á

Bankarnir hefðu mögulega getað knúið það fram. „Gjaldþrot hefði án efa þýtt að eigur mínar hefðu verið seldar með miklum afföllum á skömmum tíma og með því móti hefði ekki verið hægt að gera upp við lánardrottna. Með samningnum við bankana um uppgjör er tryggt að hægt verði að byggja upp og selja eignirnar á eðlilegu og sanngjörnu verði þegar fram líða stundir,“ segir Björgólfur. Hann bindur vonir við að Actavis muni vaxa umfram skuldbindingar hans.

**Uppgjörið skýrir stöðu Björgólfs**  
Björgólfur segir að með skuldauppgjörinu sé staða hans nú ljós og að hann vilji áfram koma að íslensku viðskiptalífi. „Ég bý enn að traustu viðskiptasambandi við öflug erlenda banka og hef allt frá hruni lagt á herslu á að byggja upp á nýjan leik,

## Ítrekar afsökunarbeiðni til þjóðarinnar

Í yfirlýsingu frá Björgólfi ítrekar hann afsökunarbeiðni sína til Íslendinga. Afsökunin snýr að augljósum mistökum hans í aðdraganda hruns Íslenska bankabankanna. Þetta er sýnt á myndinni. Þetta er sýnt á myndinni.